



15. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Þriðjudagur 2. apríl 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Herbert Arnarson (HA), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK), Einar Hannesson (EH) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðusta tveggja funda

Fundargerðir síðustu tveggja funda verða birtar á kki.is í vikunni.

2. Málefni erlendra leikmanna og þriggja ára reglan – næstu skref stjórnar

Góðar umræður um þær reglur sem gilda um leikheimildir erlendra leikmanna, hvort stjórn eigi að skoða regluverkið til framtíðar með það í huga hvað er best fyrir íslenskan körfubolta. Ákveðið að ræða betur á næsta fundi.

Einnig rætt hvort þriggja ára reglan eigi að vera áfram á næsta keppnistímabili eða að afnema hana. Umæðum framhaldið á næsta fundi.

3. Veðmálaréttur og sjónvarpsmál

HSJ lagði fram tvö minnisblöð fyrir fundinn um stöðuna í þessum málum. Samþykkt að vinna málin áfram samkvæmt minnisblöðunum.

4. Ársreikningur 2023

Lagður fram til kynningar. 27 milljón króna tap var á árinu 2023 sem má að mestu rekja til afreks- og landsliðsstarfs.

5. Önnur mál / til upplýsinga

Farið yfir nokkur mál til upplýsinga.

Næsti fundur þriðjudaginn 6. maí kl. 17:00.

Fundi slitið 18:25